



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Reykjavík, 25. janúar 2021

Efni: Grænbók um byggðamál nr. 274/2020

Tilv. 202101-0006

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 274/2020) þar sem auglýst var eftir áherslum og sjónarmiðum hagaðila o.fl. um Grænbók um byggðamál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni umræðuskjalsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri. Samtökin fagna því vandaða samráðsferli sem Byggðaáætlun virðist unnin eftir og væntir góðs af þeirri vinnu sem framundan er.

Það er óhjákvæmilegt að málefni landbúnaðar á Íslandi hafi sterka tengingu til Byggðaáætlunar og annarrar opinberrar stefnumörkunar, s.s. Samgönguáætlunar, Orkustefnu, Aðgerðaáætlunar í loftlagsmálum o.fl., að ógleymdum áætlunum á borð við Matvælastefnu og Landbúnaðarstefnu.

Áður en lengra er haldið er ástæða til að lýsa ánægju með ýmsar aðgerðum af vettvangi Byggðaáætlunar sem þegar hafa skilað góðum árangri og má þar t.d. nefna ljósleiðaravæðingu í dreifbýli.

Í lok Grænbókar koma fram eftirfarandi spurningar sem leitað er svara við:

1. Hver er skoðun þín á stöðumatinu?
2. Hver er skoðun þín á þeirri framtíðarsýn sem hér er sett fram?
3. Hver er skoðun þín á þeim lykilviðfangsefnum sem hér eru sett fram?
4. Hver er skoðun því á þeim leiðum sem lagðar eru til að farnar verði?
5. Hver er skoðun þín á því hvernig best sé að meta árangur byggðastefnu?
6. Annað sem þú vilt taka fram?

Bændasamtök Íslands taka undir ýmis þau markmið sem fram koma í Grænbók og leggja áherslu á eftirfarandi, en svörin við framangreindum spurningum fléttast óneitanlega saman:

- Stöðumat sem fram kemur í Grænbókinni er um margt mjög gott og lýsandi, en eðlilega getur slík samantekt ekki orðið tæmandi. Með aukinni samræmingu má í auknum mæli upplýsa um og veita saman ýmsa áhrifaþætti. Má þar t.d. nefna „Mælaborð landbúnaðarins“ sem nú er unnið að og mun væntanlega þróast og verða gagnlegt verkfæri við mat á byggðatengdum þáttum sem öðru. Jafnframt væri brýnt að leggja meira í að skoða með dýpri hætti árangur af einstaka stuðningsaðgerðum og mögulegum



breytingum þar á. Bændasamtök Íslands tóku árið 2016 þátt í starfshópi á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem fjallað var um ýmsar aðgerðir í skýrslu.¹

- Þó ýmislegt hafi tekið breytingum síðan skýrslan var unnin er þar er að finna margvíslegar tillögur að beinum aðgerðum sem vert væri að meta út frá núverandi stöðu og mögulegum áhrifum. Dæmi: Búsetutengd ívilnun námslána.
- Áherslur í Grænbók ríma um margt við áherslur Bændasamtaka Íslands en vert væri að yfirfara ályktanir frá Búnaðarþingum, beinar stuðningsaðgerðir sem fram koma í búvörusamningum o.fl. í því skyni að samræma stuðning og þjónustu við íbúa í dreifbýli og landbúnað, svo ekki sé verið að búa til nýjan farveg fyrir stuðning, sem þegar er fyrir hendi annars staðar.

Nauðsynlegt er að Bændasamtök Íslands taki áfram þátt í þeirri vinnu sem framundan er við gerð Hvítbókar svo landbúnaður eigi rödd við mótun aðgerðaáætlunar í byggðamálum og útfærslu á einstaka aðgerðum.

- Lykilatriði er að horfa áfram til uppbyggingar og viðhalds á innviðum og eflingu búsetuskilyrða um land allt. Tryggja þarf góða grunnþjónustu og þar með þá nauðsynlegu starfsumgjörð sem nútíma landbúnaður krefst, með tilheyrandi stuðningi við nýliðun, nýsköpun og vöruþróun. Jafnframt er mikilvægt að hlúa vel að þeirri starfsemi og menningu sem fyrir er og virða að mögulega þarf að nálgast mismunandi svæði og íbúa þar, með ólíkum hætti eftir eðli viðfangsefna og stöðu hverju sinni.
- Mikilvægt er að allir landsmenn hafi sem bestan aðgang að þeim stuðningi sem boðinn er, svo nýta megi styrkleika og tækifæri í dreifðum byggðum og landbúnaði, sem m.a. felast í breytingum varðandi umhverfisáherslur, tækniframfarir og síbreytilegar markaðsaðstæður fyrir vörur og þjónustu.
- Horft verði til þess að aðgerðir í byggðamálum verði í auknum mæli samþættar öðrum áherslum, stuðningi og verkefnum og Byggðastofnun falið aukið hlutverk til samræmingar þeim stuðningi sem er í boði. Þannig mætti horfa til þess að mörg stuðningsúrræði og verkefni sem þegar er unnið að vinni meira saman en verið hefur. Dæmi um slíkt væri t.d. sérstakur, viðbótar landbúnaðarstuðningur sem ynni með verkefnunum „Brothættar byggðir“ eða „Verslun í dreifbýli“, en farvegur er fyrir samstarfsverkefni af þeim toga innan Byggðastofnunar Matvælasjóðs, Sóknaráætlana og búvörusamninga, þó viðkomandi verkefni heyri undir mismunandi ráðuneyti. Jafnframt mætti skoða nýjar útfærslur varðandi flutningsjöfnunarstuðning og margt fleira mætti telja.
- Undanfarin ár hefur greiningarvinna og haglýsingar, meðal annars, m.t.t. svæða tekið góðum framförum. Væntanlega munu mælikvarðar þróast áfram, líkt og hefðbundið er. Það er alltaf matsatriði hversu langt á að ganga í því að skilgreina undirþætti hvers mælikvarða og hvaða þættir mæli raunverulega það sem nauðsynlegast er að fá vitneskju um. Þannig má t.d. spyrja þegar horft er til þess fjölda íbúa sem býr innan ákveðinnar vegalengdar frá heilsugæslustöð, hver þjónusta viðkomandi, næstu, heilsugæslustöðvar

¹ Sjá hér: <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/161021-skyrsla-um-innvidi-og-busetu-i-sveitum.pdf>



er? Er um að ræða sambærilega þjónustu eða er opnunartími svo mismunandi að vart verður saman borið?

- Mikilvægt er að styrkja hagtölusöfnun og greiningar, svo byggja megi ákvarðanir og mat á aðgerðum í byggðamálum og öðrum málaflokkum, á þeim upplýsingum. Þar er vert að benda á að samþætta þarf betur upplýsingar, söfnun og miðlun þeirra og forðast misræmi og tvíverknað. Þá er jafnframt nauðsynlegt að styrkja samtal við íbúa, t.d. með rýnihópastarfi samhliða hagtölum og samtal þvert á ráðuneyti og stjórnsýslueiningar en sá vettvangur er reyndar þegar fyrir hendi þar sem fyrir er stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál.
- Leggja þarf áherslu á að sett verði tímasett og mælanleg markmið til að mæla árangur. Skoða þarf sérstaklega landshlutaskiptingu sem höfð er til grundvallar við mótun árangursmælikvarða. Það liggur fyrir að í sumum tilfellum ríkir mikið ójafnvægi milli landsvæða, m.t.t. byggðaðróunar innan sömu hólfsaskiptingar sem árangursmælikvarðar byggja á. Sem dæmi á það við um suðurland þar sem vestari hluti þess stendur mun betur en sá austari.
- Vinna og samstarf að Byggðaáætlun, Grænbók og Hvítbók gefur tækifæri til að ná auknum árangri, stuðla að bættum búsetuskilyrðum í dreifbýli, slagkrafti í fjölbreytt verkefni og aukna verðmætasköpun, ekki síst þar sem aðstæður og umgjörð um stuðning og nýsköpun í landbúnaði hafa tekið töluverðum breytingum síðustu misseri.

Að því sögðu óska Bændasamtök Íslands eftir því að fá að koma að vinnu við nánari útfærslu Byggðaáætlunar og Hvítbókar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir